



Stefna Hveragerðis- bæjar 2023-2028

Maí 2023

Um stefnumótunina

Stefnumótunarvinnan

Verkefnið hófst í nóvember 2022 og lauk í maí 2023. Hveragerðisbær réð KPMG til að leiða vinnuna.

Gagna fyrir vinnuna var aflað með ýmsum hætti: Haldnir voru fundir með starfsfólki bæjarins, kjörnum fulltrúum, fulltrúum atvinnulífsins og íbúum. Einnig var gerð rafræn könnun meðal íbúa Hveragerðis auk viðtala. Þannig má segja að um 350 einstaklingar hafi haft aðkomu að stefnumótuninni. Við úrvinnslu var jafnframt tekið mið af öðrum gögnum sem tengdust vinnunni. Er stefnumótun Hveragerðisbæjar afrakstur þessa samráðs.



Samantekt

Stefna Hveragerðisbæjar og framtíðarsýn nær til árunna 2023-2028. Mun sveitarfélagið á komandi árum vinna að eftirfarandi framtíðarsýn og megin stefnuáherslum sem tengjast samfélagslegum þáttum bæjarins, eflingu atvinnulífs og innviða.

Framtíðarsýn:

Hveragerði – bær blómstrandi atvinnulífs þar sem heilsa og vellíðan skipta máli.

Megin stefnuáherslur Hveragerðisbæjar verða:

1. Skapandi Hveragerði – Með náttúruna í fyrirrúmi
2. Heilsueflandi Hveragerði - Samfélag heilsu og velferðar
3. Blómstrandi Hveragerði - Blómlegt atvinnulíf
4. Skilvirk stjórnsýsla - Gagnsæ og aðgengileg stjórnsýsla

Lýsing á sveitarfélaginu árið 2028:

Hveragerðisbær er eftirsóknarvert sveitarfélag fyrir íbúa til að starfa, búa og njóta sem og fyrir gesti til að heimsækja. Hlúð er að velferð og heilsu einstaklinga þar sem mannlíf og lífsgæði blómstra í sátt við umhverfi og náttúru. Lífandi menning og kraumandi, fjölbreytt nýsköpun einkennir samfélagið.



Stöðugreining Hveragerðisbæjar

Stöðugreiningin lýsir helstu þáttum sem íbúar nefndu í greiningarvinnunni. Þessir þættir draga fram þau fjölmörgu tækifæri og áskoranir sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir.

Fjölbreytt náttúra

- Fallett bæjarstæði
- Reykjadalurinn er útivistarparadís
- Náttúrufegurð í kringum Hveragerði er mikil
- Góðar gönguleiðir í nágrenni bæjarins

Samfélagið

- Samheldið, friðsælt og barnvænt samfélag
- Vaxandi bær þar sem þörf er fyrir stöðuga uppbyggingu og endurskoðun á skipulagi
- Miðbær þar sem litlar verslanir og veitingastaðir hafa byggst upp
- Íbúar hafa jákvætt viðhorf til skapandi greina
- Í sveitarfélaginu eru góðar þjónustustofnanir og rótgrónir skólar

Atvinnulíf

- Fjölbreytt flóra veitingahúsa
- Atvinnustarfsemi sem tengist heilsueflandi samfélagi
- Tækifæri í ferðaþjónustu, einkum heilsutengdri ferðaþjónustu
- Mættu vera fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri, t.d. störf án staðsetningar

Innviðir


- Endurmeta þarf uppbyggingu innviða og hvernig þeir fylgja eftir auknum íbúafjölda
- Góðir skólar en áskorun að fá fagfólk til starfa
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Samgöngutruflanir geta orðið að vetrarlagi um Hellið

„Falin perla“

Spá um íbúapróun

Þéttbýlismyndun hófst í Hveragerði á fyrstu áratugum 20. aldar. Var Hveragerðishreppur stofnaður árið 1946 en Hveragerði varð formlega að bæjarfélagi árið 1987. Fjöldi íbúa á svæðinu hefur aukist mjög á síðustu árum, t.d. jókst íbúafjöldi um 64,7% frá árinu 2001 til 2022 þegar íbúafjöldi var kominn í 2.984 og búast má við að aukningin muni halda áfram.

Samkvæmt gögnum frá Hagstofunni og greiningu KPMG má áætla að íbúafjöldi muni vera orðinn um 4.035 árið 2030 og muni því aukast um 35,2% frá árinu 2022. Samkvæmt sömu greiningum er gert ráð fyrir að árið 2051 muni íbúafjöldi vera orðinn um 7.225.



Heimild: Hagstofan og KPMG greining

Styrkur og veikleikar Hveragerðisbæjar

Styrkur Hveragerðis liggur í kröftugri náttúru sem umlykur fjölbreytt barnvænt og samheldið samfélag íbúa.

Í veikleikum felast bæði áskoranir og tækifæri fyrir íbúa og stjórnendur bæjarfélagsins að takast á við í nýrri stefnu bæjarins.

Styrkur

- Einstakir auðlindastraumar eru á svæðinu
- Staðsetning bæjarins við þjóðveginn og nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Einstök náttúra og umhverfi
- Menning, saga og samfélag Hveragerðisbæjar
- Ánægðir og samheldnir íbúar
- Fjölbreytt samfélag
- Heilsueflandi samfélag
- Grænt og umhverfisvænt samfélag
- Mannauður
- Jákvæð ímynd bæjarins
- Þjónusta fyrir alla aldurshópa
- Skapandi umhverfi

Veikleikar

- Vannýttir auðlindastraumar
- Skortur á skýrri stefnu sveitarfélagsins og forgangsröðun verkefna
- Bæta þarf upplýsingagjöf til íbúa
- Stafræn umbreyting og rafrænir ferlar t.d. í stjórnsýslu, félagsmálum, skipulags- og byggingamálum
- Íbúagátt, ábendingar og kvartanir íbúa
- Verkaskipting óljós og ekki nægilega vel skilgreindir ferlar í stjórnsýslunni,
- Hátt hlutfall íbúa velur að starfa í öðrum sveitarfélögum
- Erfiðleikar við að sinna lögbundinni þjónustu, t.d. við fatlað fólk
- Úrræði vantar í félagsþjónustu
- Fámenni
- Vantar búsetuúrræði
- Einhæft atvinnulíf
- Tekjustofnar ekki nægilega sterkir
- Lágt menntunarstig
- Innviðir (aðstaða)
- Álag á núverandi starfsfólk
- Iðnaðarhverfi inni í miðjum bænum

Tækifæri og áskoranir Hveragerðisbæjar

Tækifæri Hveragerðisbæjar eru fjölmörg og tengjast m.a. umhverfi, ímynd, náttúruauðlindum og staðsetningu bæjarins.

Áskoranir felast einkum í að undirstrika sérstöðu bæjarins og tryggja sjálfbæran vöxt hans.

Tækifæri

- Aukin verðmætasköpun í tengslum við jarðvarma
- Efling nýsköpunar í bænum
- Efla ímynd Hveragerðis sem „heilsubær“
- Fjölga atvinnutækifærum með frekari uppbyggingu
- Auka fjölbreytni íbúa á svæðinu
- Ferðaþjónustan
- Náttúran
- Nálægð við höfuðborgarsvæði
- Störf án staðsetningar
- Aukið samstarf við háskóla, héraendis sem erlendis
- Færsla þjóðvegarins

Áskoranir

- Skortur á styrkum stoðum tekjustofna sveitarfélagsins
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Vaxtaverkir vegna hraða í uppbyggingu
- Virkjanir á Hellisheiði og lækkandi hitastig á hverasvæðinu

Draumabærinn Hveragerði

Eftirfarandi eru dæmi um ummæli íbúa og starfsfólks Hveragerðisbæjar um draumabæinn Hveragerði*:

Barnvænn bær með góðu skólastarfi og öfluggu íþróttastarfi

Standa undir skálda-, blóma- og listamannsbæjarnafninu

Að hægt væri að sækja alla þjónustu hér innanbæjar og að fleiri viðburðir væru haldnir hér innanbæjar

Hveragerði er bær fyrir alla

Nóg að gera

Náið samfélag góðhjartaðra einstaklinga

Blómlegt atvinnulíf og fjölskrúðugt mannlíf í rólegum en samt lifandi bæ

Fjölbreytt atvinnu-, menningar- og íþróttalíf og þ.a.l. mannlíf með áherslu á að öllum aldurshópum líði vel hér

* Ummæli fengin úr íbúakönnun, viðtölum og vinnufundum í tengslum við stefnumótunina.

Framtíðarsýn

**Hveragerði – bær blómstrandi
atvinnulífs þar sem heilsa og
velliðan skipta máli**

Skapandi Hveragerði

Heilsueflandi Hveragerði

Blómstrandi Hveragerði

- studd af skilvirkri stjórnsýslu bæjarins

Stefnuáherslur Hveragerðisbæjar 2023-2028



Skapandi Hveragerði:

Með náttúruna í fyrirrúmi

Sjálfbært samfélag þar sem fólk býr í sátt og samlyndi við náttúruna og er í forystu í þróun nýrra lausna



Heilsueflandi Hveragerði:

Samfélag heilsu og velferðar

Samfélag sem leggur áherslu á vellíðan og heilsueflingu og tryggir þjónustu við hæfi



Blómstrandi Hveragerði:

Blómlegt atvinnulíf

Blómlegt og sjálfbært atvinnulíf með fjölbreyttum atvinnutækifærum sem byggja á sérstöðu svæðisins, í sátt við náttúru og samfélag.



Skilvirk stjórnsýsla:

Gagnsæ og aðgengileg stjórnsýsla

Ábyrg og aðgengileg stjórnsýsla þar sem gagnsæ vinnubrögð eru í forgrunni með stafrænum áherslum.

Skapandi Hveragerði

Hveragerði er þekkt sem bær skapandi greina, þar sem sköpun og listgreinar hafa fengið að njóta sín. Fjölmargir íbúar bæjarins sinna list með einhverjum hætti og menningarstarfsemi á sér ríka hefð. Til dæmis er Listasafn Árnesinga staðsett í Hveragerði en safnið er sameiginlegt listasafn átta sveitarfélaga.

Sveitarfélagið er umlukið náttúruperlum og íbúar þess eru meðvitaðir um ógnir og tækifæri náttúrunnar. Aðgengi íbúa að náttúru er óheft og náttúran skapar mikilvæga umgjörð fyrir bæinn.

Mikilvægt er að Hveragerði bjóði uppá öfluga innviði til menntunar og nýsköpunar fyrir íbúa og gesti. Tækni- og vinnu- nútímans felur í sér tækifæri fyrir íbúa til að stunda nám og störf heima í héraði.


Með því að bjóða fólki uppá framúrskarandi aðstöðu til þess að stunda fjarnám eða efla nýsköpun getur Hveragerði haldið í og laðað til sín yngri kynslóðir.

Þannig getur Hveragerði komið í veg fyrir að missa efnilegt framtíðarvinnuafli til annarra sveitarfélaga og í þess stað stuðlað að frekari atvinnu- og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbærni í sveitarfélaginu.

Með náttúruna í fyrirrúmi

Sjálfbært samfélag þar sem fólk býr í sátt og samlyndi við náttúruna og er í forystu í þróun nýrra lausna

Markmið:



Heilsueflandi Hveragerði

Hveragerði er heilsueflandi samfélag. Meginmarkmið með því er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Sundlaugin í Laugaskarði er þekkt sem tákn heilsueflingar, arkitektúrs og menningar. Sömu leiðis hefur útivist í nágrenni Hveragerðis notið mikilla vinsælda á síðustu árum enda göngu- og hjólaleiðir fjölbreyttar og aðgengilegar út frá Hveragerði, um Hellisheiði og víðar.

Mikilvægt er að huga að heilsueflingu fyrir allan aldur. Brýnt að hlúa að heilsu eldri íbúa bæjarins til að stuðla að verðmætri þátttöku þeirra í samfélaginu. Auk þess sem þörf er á að hlúa að aðstöðu fyrir heilsurækt og heilsueflingu annarra íbúa.


Tækifæri er fyrir Hveragerði að laða að sér bæði innlenda sem og erlenda ferðamenn með því að leggja aukna áherslu á heilsueflandi þjónustu.

Hægt er að efla enn frekari þjónustu í kringum dvölina í Hveragerði með t.d. samstarfi aðila í listum og menningu og við veitingahúsaeygndur. Matur úr heimahéraði, áhersla á neyslu vara úr jurtaríki og nýting jarðhita til ræktunar eru allt þættir sem styðja við sjálfbærni og heilsurækt.

Samfélag heilsu og velferðar

Samfélag sem leggur áherslu á vellíðan og heilsueflingu og tryggir þjónustu við hæfi

Markmið:



Blómstrandi Hveragerði

Hveragerði býr yfir ómetanlegri sérstöðu varðandi nýtingu jarðvarma og búsetu. Þannig einkenna fjölbreytilegar tilraunir til nýtingar jarðvarma atvinnusögu Hveragerðis, m.a. á bærin sér langa og farsæla sögu um yl- og garðrækt.

Ferðaþjónusta hefur vaxið hratt í Hveragerði og stór hluti ferðamanna á nú þegar viðskipti við ýmsa hagaðila innan sveitarfélagsins. Frekari efling ferðaþjónustu getur dregið að fjármagn, eftir þjónustu og örvað menningar- og heilsutengda atvinnuuppbyggingu í samfélaginu. Störf í heilsutengdri ferðaþjónustu eru fjölbreytt og höfða bæði til háskólamenntaðra sem ófaglærðra.

Með fjarvinnu hafa opnast tækifæri til að brjóta upp hefðbundið atvinnumynstur og stuðla að fjölbreytni starfa sem unnin eru „án staðsetningar“. Með fjarvinnumöguleikum má sækja til bæjarins hærra launuð störf sem krefjast sérþekkingar og menntunar.

Náttúrulegar aðstæður til nýsköpunar sem tengd eru sjálfbærni, jarðvarma og framtíðarlausnum í orkumálum, bjóða upp á tækifæri til uppbyggingar atvinnustarfsemi í Hveragerði.

Blómlegt atvinnulíf

Sjálfbært og blómlegt atvinnulíf með fjölbreyttum atvinnutækifærum sem byggja á sérstöðu svæðisins, í sátt við náttúru og samfélag

Markmið:

- A** Hlúa að nýsköpun og grænu atvinnulífi sem byggir á sjálfbærni
- B** Greina og styrkja samstarf við háskóla- og fræðasamfélagið, bæði hérlendis og á heimsvísu
- C** Efla möguleika á störfum án staðsetningar fyrir íbúa - án þess að þurfa að fara út úr bænum
- D** Nýta einstaka staðsetningu bæjarins, m.t.t. ferðaþjónustu, flutninga og aðfanga

Skilvirk stjórnsýsla

Umtalsverð uppbygging er framundan í Hveragerði. Mikil eftirspurn er eftir búsetu í Hveragerði og áætlun um íbúapróun sýnir að búast megi við stöðugri aukningu á næstu árum og áratugum. Þetta er krefjandi viðfangsefni þar sem leita þarf jafnvægis við uppbyggingu innviða og eflingu atvinnulífs í stækkandi bæjarfélagi. Það þarf að gera í sátt við íbúa og án þess að gengið sé á náttúruauðlindir eða gæði umhverfisins.

Hækkandi skuldahlutfall og innviðaskuld hefur legið á bæjarfélaginu en stefnt er að sjálfbærum rekstri.

Tækifæri er fyrir Hveragerðisbæ til að stuðla að auknu og gegnsæju samtali við íbúa bæjarins. Kallað er eftir aukinni kynningu á málefnum bæjarins, skilvirkri heimasíðu og aukinni stafrænni þjónustu.

Með bættri gæðastýringu má einnig auka skilvirkni stjórnsýslunnar, stytta svartíma erinda og skerpa á ferlum við meðferð erinda.

Gagnsæ og aðgengileg stjórnsýsla

Ábyrg og aðgengileg stjórnsýsla þar sem gagnsæ vinnubrögð eru í forgrunni með stafrænum áherslum

Markmið:



Innleiða stafrænar lausnir og auka stafræna þjónustu sveitarfélagsins

Efla íbúasamráð og upplýsingagjöf

Stuðla að aukinni gæðastýringu og gagnsæi stjórnsýslunnar

Endurskoðun stefnu

Stefna Hveragerðisbæjar gildir til loka árs 2028 en verður endurskoðuð á tveggja ára fresti á tímabilinu.

Endurskoðuð stefna, markmið og verkefni munu taka mið af árangri innleiðingar og breytingum í starfsumhverfinu.

Skapandi Hveragerði
Heilsueflandi Hveragerði
Blómstrandi Hveragerði
- studd af skilvirkri stjórnslu bæjarins